

Nr. 043/10 Farsæll GK 162***Skipverji slasast á höfði***

Skipaskr.nr. 1636
Smíðaður: Svíþjóð 1977, stál
Stærð: 60 brl. 62 bt.
Mesta lengd: 21,2 m Skráð lengd: 19,48 m
Breidd: 4,8 m Dýpt: 3,12 m
Vél: Volvo Penta 375 kW, 1998
Fjöldi skipverja: 4



Farsæll©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 22. janúar 2010 var Farsæll GK 162 á dragnótaveiðum suður af Reykjanesi. Veður: SSV 10 m/sek., ölduhæð 4,5 m.

Skipverjar voru að hífa dragnótina inn og einn þeirra ætlaði að krækja gilsinum í pokann en þá dró vindan pokann alveg upp og féll hann fram yfir keflið og slóst í höfuð eins þeirra. Við þetta missti skipverjinn meðvitund um tíma og var siglt með hann til Sandgerðis.

Við rannsókn kom fram:

- að um 3-400 kg afli var í pokanum;
- að nýlega hafði verið gerð breyting á stýringu inn á vindukerfið og var lengt um eitt og hálf fet í stýringunni. Hefði sú breyting ekki verið gerð hefði pokinn stöðvast á þessari slá en ekki sveiflast yfir;
- að pokinn straukst við höfuð slasaða og talið er að pokalásinn hafi lent í enni hans í sveiflunni;
- að slasaði var ekki með öryggishjál. Hann taldi að það hafi bjargað því að pokinn hafi ekki kastað honum á gálgastoðina og höfuðið orðið þar á milli;
- að vindunni er stjórnað með ventli sem er staðsettur í stjórnborðs gálgastoð og er með stiglausri stillingu;
- að slasaði var stjórnandi vindunnar en taldi líklegt að hann hefði ekki stöðvað hana þegar hann fór til að húkka gilsinum í pokastroffuna;

- að venjulega stjórnaði ekki sami maður vindunni og húkkaði gilsinum í, en í þessari veiðiferð vantaði einn skipverja.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til óvarkárni slasaða.

Nefndin bendir á að sjómenn eiga að nota öryggishjálms við störf sín.